

Sþ.

589. Nefndarálit

um till. til þál. um millipinganevnd í jarðeignamálum kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að ríkisstjórninni verði falið að láta rannsaka jarðeignamál kaupstaða og kauptúna, og mælir með, að till. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga með nefndarskipun eða á annan hátt, hvernig megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- og umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum, með sanngjörnum kjörum, án þess að gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra, hvernig komið verði í veg fyrir óréttmæta verðhækkun á þessum löndum og lóðum, sem verða kann á fyrrnefndum stöðum vegna meiri háttar opinberra framkvæmda, verði almenningsseign.

Athugun þessi fari fram í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir, eftir því, sem þurfa þykir, og sé henni lokið fyrir reglulegt Alþingi 1944.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um athugun á jarðeignamálum kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa.

Alþingi, 22. marz 1943.

Gisli Sveinsson,
form.

Ásg. Ásgeirsson,
frsm.

Sigfús Sigurhjartarson,
fundaskr.

Páll Zóphóníasson.

Jón Sigurðsson.
Gisli Jónsson.

Sigurður Þórðarson.